FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Almenn kynning á sögu mannkyns
Námsgrein:	saga
Viðfangsefni:	almenn kynning
Skammstöfun:	SAGA2AK05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í þessum áfanga er mannskynssagan kynnt frá landbúnaðarbyltingu til frönsku byltingarinnar. Farið er yfir áhrifaþætti í mótun nútímans og hvernig menning fornaldar, trúarbrögð, stjórnarfar og aðrir þættir hafa áhrif á nútímann. Leitast er við að tengja saman efni, atburði og áhrif þeirra til að nemendur geri sér grein fyrir áhrifum þess sem á undan er farið á það sem er í dag.
Forkröfur:	INGA1HF05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • hugtakinu menningu og þeim menningarlega bakgrunni sem nútimasamfélag byggir á • helstu tímaskeiðum sögunnar, upphafi þeirra og endi og einkennum þeirra • vinnubrögðum sagnfræðinnar • mikilvægi þess að lesa og greina söguna með gagnrýninni hugsun • helstu hugtökum sem þarf að þekkja til að tjá sig um söguna
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • lesa texta og tileinka sér upplýsingar úr honum • tjá sig um söguna í riti á skipulegan hátt • afla sér upplýsinga og heimilda á skipulegan hátt • beita sjálfstæðum vinnubrögðum
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • meta áhrif sögunnar á samfélagið sem við búum við í dag • nýta sér söguna til að vera virkur og ábyrgur þátttakandi í lýðræðissamfélagi • tjá sig á skýran og skilmerkilegan hátt í ræðu og riti • geta nýtt sér ólíkar heimildir og metið gildi þeirra
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.